

Fjölmiðlaverðlaunum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er ætlað að hvetja til hvers kyns umfjöllunar um umhverfi og náttúru, hvort heldur er í því skyni að vekja athygli á náttúru landsins, benda á þær ógnir sem steðja að umhverfi og náttúru eða mikilvægi þess að vernda og verja umhverfi og náttúru til framtíðar.

Þær fjölbreyttu tilnefningar sem bárust að þessu sinni bera með sér þann jákvæða vitnisburð að flestum fjölmiðlum hér á landi er sannarlega umhugað að fjalla um náttúru- og loftslagsmál með ítarlegum og vönduðum hætti.

Er það mat dómnefndar að þær umfjallanir sem tilnefndar eru til fjölmiðlaverðlaunanna í ár endurspeglir þá miklu breidd sem var í fréttáflutningi af umhverfismálum síðustu misserin. Tilnefningar í ár eiga það sammerkt að vera áhugaverðar, upplýsandi og faglega unnar. Það er óskandi að þetta ágæta blaða- og dagskrárgerðarfólk haldi áfram að vekja athygli á umhverfismálum í störfum sínum.

Í dómnefnd þetta árið sátu Valgerður A. Jóhannsdóttir, Kjartan Hreinn Njálsson og Ragna Sara Jónsdóttir sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Dómnefndin tilnefndi eftirtalda til fjölmiðlaverðlauna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í ár:

- Báru Huld Beck og Birnu Stefánsdóttur, blaðamenn á Kjarnanum fyrir umfjöllun um neyslumeningu.
- Sagafilm fyrir þáttaröðina „Hvað höfum við gert?“ sem sýnd var í RÚV sjónvarpi.
- Sigríði Halldórsdóttur, fréttamann á RÚV, fyrir umfjöllun um plastmengun í fréttaskýringaþættinum Kveik.
- Ritstjórn Stundarinnar, fyrir umfjöllun um loftslagsbreytingar undir yfirskriftinni „Hamfarahlýnun.“

Líkt og fyrri ár hlýtur handhafi fjölmiðlaverðlaunanna verðlaunagripinn Jarðarberið (sem er í formi krækibers) eftir Finn Arnar Arnarson.

Það er sönn ánægja að tilkynna að handhafi Fjölmiðlaverðlauna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2019 er Sagafilm fyrir þáttaröðina „Hvað höfum við gert?“

Rökstuðningur dómnefndar fyrir valinu er svohljóðandi:

Með þáttaröð sinni tókst Sagafilm að setja loftslagsmálin rækilega á dagskrá í íslensku samfélagi. Í þáttaröðinni, sem er einstök í íslenskri fjölmiðlasögu, er fjallað með grípandi hætti um loftslagsbreytingar af manna völdum; hvernig

Þessar breytingar munu að líkindum hafa áhrif á samfélag manna hér á landi og víðar, en um leið var sjónum beint að því hvað þarf að gera til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og til að milda áhrif þeirra breytinga sem yfirvofandi eru á veðrakerfum og náttúru Jarðarinnar.

Margþættar áskoranir felast í loftslagsbreytingum, og mildun þeirra og aðlögun að þeim kalla á úrlausn verkefna sem virðast við fyrstu sýn vera óyfistíganleg. En með því að nálgast umfjöllunarefnið af yfirvegum og á forsendum manngæsku, vísinda og virðingar fyrir náttúrunni tekst þáttaröðinni að undirstrika nauðsyn þess að grípa til aðgerða og þau miklu sóknarfæri sem fólgin eru í þeim fyrir samfélög framtíðarinnar. Áhorfandinn spyr sig, rétt eins og svo margir gerðu í þeirri vitundarvakningu sem fylgdi þáttaröðinni, hvað getum við gert?

Það er mikil kúnt að koma upplýsingum um loftslagsbreytingar á framfæri með grípandi og aðgengilegum hætti án þess að það komi niður á vísindum, staðreyndum og yfirvegaðri ráðgjöf þeirra sem best þekkja til. Þáttagerðarfólki Sagafilm fóst þetta verkefni einkar vel úr hendi. Þáttaröðin beindi sjónum að mistökum okkar og stjórnvalda í gegnum tíðina og skoraði á okkur að horfa inn á við og spyrja hver við viljum að arfleifð okkar verði. Þannig tókst „Hvað höfum við gert?“ að virkja umhverfisvitund almennings með áberandi hætti, og á endanum er það líklega það sem mestu skiptir.

Nú vil ég biðja umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmund Inga Guðbrandsson, að afhenda fulltrúum Sagafilm Jarðarberid, verðlaunagrip Fjölmiðlaverðlaunanna, fyrir þáttaröðina „Hvað höfum við gert?“